

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsið, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Bt Bjarni Þóroddson

Reykjavík, 5. september 2017

Varðandi: „BORGARRÁÐ 17. ágúst 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um eftirlit Félagsbústaða með framleigu - R17080076“

Fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um hvort að Félagsbústaðir hafi eftirlit með einhverjum hætti með því hvort að íbúðir í þeirra eigu séu framleigðar út til ferðamanna eins og t.d. á Airbnb eða öðrum sambærilegum síðum. Sé svarið jákvætt þá er óskað eftir upplýsingum um hvernig því eftirliti sé háttað, hver hafi verið niðurstaða þess og hverjar afleiðingar það séu fyrir leigutaka verði hann uppvís að framleigu.

Svar Félagsbústaða er eftirfarandi:

Félagsbústaðir hafa ekki haft skipulagt eftirlit með framleigu íbúða í eigu félagsins þessa veru. Í nokkur skipti hafa hinsvegar borist ábendingar frá nágrönnum eða öðrum um að íbúðir félagsins væru framleigðar. Allar slíkar ábendingar eru kannaðar. Tvisvar hefur það gerst, að sannað þótti, að íbúð væri leigð út til ferðamanna. Í fyrra skiptið var viðkomandi leigjanda Félagsbústaða send aðvörun í samráði við félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð. Í síðara skiptið var leigusamningi rift og viðkomandi leigjandi rýmdi íbúðina áður en til útburðar kom.

Virðingarfyllt,



Framkvæmdastjóri Félagsbústaða hf
Auðun Freyr Ingvarsson